

6. Aðalfund skal halda í júnílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 1984.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Biðskyldumerki verður við gatnamót Skólastígs og Hafnargötu þannig að umferð austur Skólastíg viku fyrir umferð um Hafnargötu.

Auglýsing þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 3. júlí 1984.

Halldór Kristinsson.